

Draugaljósið

HILDUR KNÚTSDÓTTIR



Draugaljósíð

EFTIR
HILDI KNÚTSDÓTTUR



Draugaljósíð

ISBN 978-9979-2094-3

© 2015 Hildur Knútsdóttir

© 2015 Teikningar: Árni Jón Gunnarsson

Ritstjóri: Sigríður Wöhler

Yfirllestur: Ingólfur Steinsson

1. útgáfa 2015

Menntamálastofnun, Kópavogi

Hönnun og umbrot: Námsgagnastofnun

Prentvinnsla: Ísafoldarprentsmiðja ehf. – Umhverfisvottuð prentsmiðja

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta til eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

Efnisyfirlit

- 4 17. október – föstudagur,
seinni partur
- 11 17. október – föstudagur,
eftir kvöldmat
- 22 18. október – laugardagur,
seinnipartur
- 29 Sunnudagur 19. október, kvöld
- 32 Mánudagur 19. október,
seinni partur
- 49 Aðfaranótt þriðjudags
23. október, alltof seint
- 70 Þriðjudagur 23. október,
seinni partur

17. október – föstudagur, seinni partur

Ég heiti Hallfríður Ólafsdóttir og ég er fimmtán ára gömul. Allir nema amma mín kalla mig Fríðu (ég heiti sko í höfuðið í henni og hún er svo ánægð með það að henni dettur ekki í hug að stytta nafnið).

Ég er sko alls ekki týpan sem nennir að skrifa dagbók, en núna verð ég. Því ef Jian hefur rétt fyrir sér, þá eru alveg frekar miklur líkur á því að ég eigi eftir að verða myrt af illum anda mjög fljótlega. Kannski á ég bara einn eða tvo daga eftir ólifaða.

Og ég verð að skilja eitthvað eftir mig, eitthvað sem útskýrir fyrir mömmu og pabba hvað kom fyrir, svo þau haldi ekki bara að jörðin hafi gleypst mig. Ég veit reyndar



ekki alveg hvað verður um líkið ef manni er tortímt af illum anda, kannski gufar það upp eða kannski springur maður í tætlur. Eða kannski lætur andinn bara líta út fyrir að maður hafi fengið hjartaáfall eða eitthvað. En í öllu falli vil ég ekki að mamma og pabbi sitji eftir með eintómar spurningar ef ég dey. Ég sá nefnilega einu sinni heimildarmynd í sjónvarpinu um fjölskyldu þar sem yngsti sonurinn hvarf bara sporlaust einn daginn á leið heim úr skólanum. Enginn veit hvað gerðist, hvort einhver hafði tekið hann, eða hvort hann hafði lent í slysi. Mamman í myndinni talaði um að það væri óvissan sem væri verst, að vita ekki hvar hann væri eða hvað hefði komið fyrir. Og ég vil ekki leggja neitt svoleiðis á mömmu og pabba, nógu leið eiga þau eftir að verða ef allt fer á versta veg. Því í sannleika sagt þá er líf þeirra svo rosalega óspennandi að það hlýtur að verða mjög innantómt án mín. (Ég er einbirni og pabbi minn

er endurskoðandi og mamma vinnur í banka, svo þið getið rétt ímyndað ykkur!)

Þau hefðu reyndar hana Siggú litlu, en þau eru bara stuðningsforeldrar hennar en ekki alvöru foreldrar og hún kemur bara aðra hverja helgi. Ef ég dey gætu þau kannski fengið hana oftár í heimsókn, en mamma hennar og pabbi myndu auðvitað ekki taka í mál að hún væri alltaf hérna. Þess vegna verð ég að skrifa þetta allt niður, svo þau viti hvað kom fyrir ef ég kem ekki heim einn daginn. Og ég ætla að fela þessa bók á einhverjum góðum stað svo þau finni hana örugglega ekki fyrr en ég er dái. Ég get nefnilega ekki sagt þeim frá öllu sem hefur gerst, eða hætt á að þau finni bókina núna, því þá myndu þau alveg áreiðanlega banna mér að fara. Og það gengur ekki, því við verðum að komast til botns í ráðgátunni um dularfulla ljósið.



Ég sá það fyrst fyrir rúmri viku, út um herbergisgluggann minn eitt kvöldið rétt áður en ég fór að sofa. Ég bý í einu af þessum hverfum sem áttu að verða miklu stærri en verktakarnir hættu við að byggja eftir að bankarnir fóru á hausinn og forsætisráðherrann bað Guð að blessa Ísland. Gatan mín átti að verða ógnarlöng og með fullt af húsum, en í staðinn eru bara fjögur almennileg hús við götuna og restin er misjafnlega langt komin í byggingu. Sums staðar er bara rétt búið að

grafa grunninn og annars staðar er búið að steypa útveggina og ekkert meira. Þetta er eiginlega hálfgerð draugagata og ég bý alveg við endann á henni. Malbikið nær bara rétt upp að okkar húsi og svo breytist gatan í malarveg og endar einhvers staðar úti í móa.

Húsið hérna beint á móti er bara beina-grind af húsi. Það er búið að steypa útveggi og burðarveggi en það er ekkert þak og engir gluggar. Og þar var ljósið. Ég ætlaði fyrst ekki að trúa eigin augum. Ég ætlaði að fara að skríða upp í rúm þegar ég sá það. Lítið, hvítt ljós sem barst út um gatið sem átti að verða kjallaragluggi í húsinu á móti.

Ég fékk alveg svona kalt vatn á milli skinns og hörunds og gæsa húð út um allt og mér brá svo mikið að ég æpti. Svo hljóp ég fram í stofu og sagði mömmu og pabba frá ljósinu. En þeim fannst þetta ekki mjög merkilegt. Pabbi stóð samt með semingi



upp úr sófanum þar sem hann hafði setið og verið að brjóta saman þvott og svo kom hann með mér inn í herbergi. En þegar við litum út um gluggann var ljósið horfið!

„Það var þarna, bara rétt áðan!“ sagði ég og benti. „Þarna, í kjallaraglugganum!“

Pabbi kinkaði ábúðarfullur kolli og sagði svo að þetta hlyti bara að hafa verið endurskin.

„Kannski eru veggirnir blautir og þetta hafa verið bílljós frá götunni hérna fyrir ofan,“ sagði hann.

Þegar ég sagði honum að það gæti ekki verið, þetta hefði alls ekki verið þannig ljós, þá sagði hann bara að augun og heilinn blekktu mann oft. Svo rak hann mig upp í rúm og sagði mér að fara að sofa.

En ég vissi að þetta hafði ekki verið neitt endurskin. Þetta hafði verið hvítt, lítið ljós sem var alveg kyrrt. Og það hlaut að þýða að einhver eða eitthvað hafði verið þarna niðri í kjallaranum á yfirgefna húsinu á móti okkar.

En nú kallar mamma, maturinn er tilbúinn, ég skrifa meira á eftir.

17. október – föstudagur, eftir kvöldmat

Daginn eftir sagði ég Jian frá ljósinu. Jian er besti vinur minn. Hann heitir Jian af því að hann er kínverskur. Eða, mér finnst eiginlega svolítið skrytið að segja að hann sé kínverskur, því hann hefur búið hérna næstum því alla ævi, uppáhaldsmaturinn hans er slátur og hann er ábyggilega betri í íslensku en ég. Hann fékk alla vega 9,5 á síðasta málfræðiprófi og var hæstur í bekknum. Sjálf fékk ég ekki nema 7,5, enda finnst mér málfræði ekkert skemmtileg. En Jian er sem sagt bæði kínverskur og íslenskur, þótt hann líti bara út fyrir að vera kínverskur. Foreldrar hans eru bæði frá Kína og þau fluttu hingað fyrir mörgum árum og fóru að vinna í einhverjum banka, því þau eru víst rosalega klár á tölvur. Þau vinna samt ekki

í sama banka og mamma. Jian er alltaf að lenda í því að fólk talar bara útlensku við hann í búðum, sem mér finnst svolítið dónalegt.

En Jian hlustaði áhugasamur þegar ég sagði honum frá dularfulla ljósinu sem ég hafði séð.

„Og hvað, hvarf það bara þegar pabbi þinn kom inn til þín?“ spurði hann.

„Já!“ sagði ég. „Og pabbi trúði mér ekki þegar ég sagði honum að þetta hefði ekki verið neitt endurskin.“

„Kannski vildi sá sem var með ljósið ekki að pabbi þinn sæi það,“ sagði Jian.

„Kannski var þetta einhver sem vildi koma skilaboðum til þín.“

„Til mín?“ spurði ég hissa. „Hver getur það verið?“

Jian leit í kringum sig og lækkaði róminn. Við vorum inni í matsal í löngu frímínútum og hann vildi greinilega ekki

að neinn annar heyrði það sem hann ætlaði að segja.

„Þetta er ábyggilega illur andi,“
hvíslaði hann síðan.

„Illur andi?“ spurði ég svo gáttuð að ég gleymdi að hvísla. Maja og Dröfn sem sátu á næsta borði litu hissa á okkur.

„Svona eins og draugur?“

„Suss!“ sagði Jian. „Já, illur andi.

Eða kannski er hann ekkert endilega illur, heldur bara áttavilltur eða eitthvað. Nai nai hefur sagt mér frá svona öndum. Þeir geta verið mjög, mjög hættulegir.“

„Hver er nai nai?“

„Amma. Amma mín í Kína. Ég verð eiginlega að hringja til hennar á Skype og fá ráðleggingar. Því við verðum að gera eitthvað í þessu. Geturðu sagt mér



nákvæmlega hvað gerðist?“

Ég gerði það og Jian hlustaði samvisku-samlega á mig og lofaði að hringja til ömmu sinnar í Kína við fyrsta tækifæri.

Þá um kvöldið gerðist þetta aftur.

Nákvæmlega eins. Ég var komin inn í herbergi og var að fara að slökkva ljósið þegar ég kíkti út um gluggann og þarna var það. Litla hvíta ljósið var aftur komið í kjallaragluggann á tóma húsinu á móti. Ég stóð við gluggann og horfði á það flökta í myrkrinu. Svo kallaði ég á pabba en um leið og ég sleppti orðinu hvarf ljósið.

„Hvað?“ sagði pabbi þegar hann kom í gættina.

„Ekki neitt,“ sagði ég. „Bara góða nótt.“

„Góða nótt vinan,“ sagði hann og fór.

Og þá gerðist það ótrúlega: Um leið og hann var farinn birtist ljósið aftur. Það var þá sem ég vissi að Jian hafði rétt fyrir sér.

Ljósíð átti eitthvert erindi við mig.

Ég hugsaði svo mikið um ljósíð að mér kom varla dúr á auga alla nóttina og ég sofnaði ekki fyrr en rétt undir morgun. Það varð til þess að ég svaf yfir mig um morguninn og kom allt of seint í fyrsta tíma. Gunnhildur stærðfræðikennari gaf mér illt auga þegar ég smokraði mér niðurlút inn í stofuna og settist við borðið mitt. Ég gaut augunum á Jian og sá samstundis á svipnum á honum að hann þurfti að segja mér eitthvað. Hann, sem var vanur að fylgjast alltaf svo vel með í tímum, starði nefnilega á mig með stórum augum og kinkaði kolli um leið og hann ók sér í sætinu. Ég átti mjög erfitt með að einbeita mér að því sem Gunnhildur stærðfræðikennari sagði eftir það, jafnvel þó að stærðfræði sé uppáhaldsfagið mitt.

Um leið og hringt var út kom Jian til mín. Ég bunaði út úr mér:

„Ljósíð kom aftur í gær! Og það hvarf

Þegar pabbi kom inn í herbergið! Og svo birtist það aftur þegar hann fór!“

Jian kinkaði ábúðarfullur kolli. Þetta kom honum greinilega ekki á óvart.

„Ég talaði við nai nai, ég meina ömmu, í gær. Og ég lýsti þessu nákvæmlega fyrir henni. Og hún sagði að þetta væri alveg pottþétt yuan gui. Alveg pottþétt.“

„Yuan gui?“ sagði ég og reyndi að vanda mig við framburðinn. „Hvað þýðir það eiginlega?“

„Það þýðir svona draugur. Draugur sem á einhverra harma að hefna.“

Mér leið eins og einhver hefði hellt yfir mig ísvatni.

„Harma að hefna? Ætlar einhver draugur að fara að hefna sín á mér?“

„Nei, nei,“ sagði Jian og hristi höfuðið.

„Það þýðir bara að þetta er draugur sem hefur lent í einhverju hræðilegu á meðan hann lifði. Og hann getur ekki fundið ró

í sínum beinum fyrr en það er búið að bæta fyrir það sem kom fyrir hann. Eða hefna fyrir það. Og við þurfum að hjálpa honum.“

„Þurfum við að hjálpa honum að hefna sín?“ spurði ég hissa.

„Já, eða að minnsta kosti finna út úr þessu.“

„Hvernig gerum við það?“ spurði ég.

„Amma sagði að við þyrftum að fara á staðinn þar sem þú sást ljósið. Amma sagði að draugarnir bentu lifendum stundum á vísbendingar eða einhver sönnunargögn um hvað kom fyrir þá. Og það eru ábyggilega einhverjar vísbendingar þarna í kjallaranum um hvað kom fyrir. Það hlýtur alla vega að vera ástæða fyrir því að yuan gui er þarna en ekki einhvers staðar annars staðar.“

„Heldurðu kannski að draugurinn hafi verið drepinn þarna?“ hvíslaði ég.

„Kannski,“ hvíslaði Jian á móti.

„En það var ekki neitt þarna, þetta var bara mói.“

„Kannski stóð einhvern tímann bær þarna fyrir langalöngu. Kannski er þetta alveg ævaforð draugur einhvers víkings. Eða írskur þræll sem var myrtur þarna fyrir að standa sig ekki í vinnunni.“

„Ókei,“ sagði ég og reyndi að hljóma hugrökk, sem ég var alls ekki. Ég var satt að segja alveg skíthrædd. „Hvenær eigum við að fara? Eftir skóla?“

„Nei, ég er að fara á fótboltaæfingu. Og svo erum við að fara upp í sumarbústað og verðum alla helgina.“

„Getum við þá ekki farið fyrr en á mánudaginn?“ spurði ég vonsvikin. Því þótt ég væri hrædd við að fara inn í yfirgefna húsið þá var ég líka orðin svolítið spennt.

„Þú getur alveg farið ein á eftir,“ sagði Jian.

Mig langaði auðvitað ekkert til að fara ein á draugaslóðir þannig að ég reyndi að sannfæra Jian um að það að rannsaka dularfullt draugamál væri miklu mikilvægara en einhver skitin fótboltaæfing. En Jian tók ekki í mál að skrópa á æfingu. Hann ætlar nefnilega að verða landsliðsmaður í fótbolta. Og einu sinni játaði hann fyrir mér að æðsti draumur hans væri að fara til útlanda og gerast atvinnumaður. Ég held að það sé meira að segja ástæðan fyrir því að hann tók spænsku sem valfag núna í 10. bekk. Uppáhaldsliðið hans er nefnilega Real Madrid og ég er viss um að hann vill vera undirbúinn ef honum skyldi einhvern tímann bjóðast að spila fyrir þá.

Ég neyðist þess vegna til að þrauka heila helgi án þess að komast til botns í dularfulla ljósamálinu.


Jian hefur ábyggilega séð fýlusvipinn á mér því hann flýtti sér að stinga upp á

Því að ég myndi samt reyna að rannsaka málið um helgina og reyna til dæmis að komast að því hvort það hafði einhver bær staðið á svæðinu. Hann sagði að það gæti vel verið að einhver landnámsmaður hefði meira að segja búið þarna og allir væru bara búnir að gleyma því. Ég samþykkti með semingi að reyna að komast að öllu sem ég gæti um svæðið. Það var að minnsta kosti skárri en að gera ekki neitt.

Eftir skóla fór ég upp á bókasafn og fékk alls konar bækur lánaðar. Bækur um sögu Reykjavíkur og einhverja eldgamla bók um landnámsmenn. Sögubækurnar voru svo stórar að þær komust ekki einu sinni í skólatöskuna mína svo ég þurfti að burðast með þær undir handleggnum alla leiðina heim. Hárin á hnakkanum á mér risu þegar ég kom í götuna okkar og sneri bakinu í tóma húsið á móti og opnaði útidyrhurðina heima.

Í forstofunni lágu bleikir skór og á snaganum hékk lítil bleik úlpa. Ég var búin að steingleyma að Sigga kæmi um helgina! Þá vissi ég að helgin verður ekki jafn lengi að líða og ég hafði óttast, því það er alltaf svo gaman að fá hana í heimsókn, þótt það sé stundum svolítið erfitt líka.

En núna þarf ég að hætta að skrifa. Ég er alveg að drepast í hendinni, enda held ég að ég hafi aldrei skrifað eins mikið í einu áður. Góða nótt!



18. október – laugardagur, seinnipartur

Sigga er tíu ára gömul og hún er með Downs-heilkenni. Það er vegna þess að hún er með litningafrávik þannig að erfðaefnið hennar er öðruvísi en í venjulegu fólki, sem veldur því að hún sjálf er öðruvísi. Hún er með skásett blá augu, hringlaga andlit, stórar kinnar og ljóst sítt hár sem hún vill alltaf hafa í tveimur fléttum og hún er eiginlega alltaf glöð. Nema þegar hún er þínd til þess að gera eitthvað sem hana langar ekki til að gera, eins og til dæmis að reima skóna sína eða klæða sig í fötin þegar hún vill ekki fara út. Þá bara harðneitar hún og hleypur í burtu og felur sig eða lætur sem hún heyri hvorki né sjái þann sem er að reyna að skipa henni fyrir. Sigga er þrjúskasta manneskja sem ég hef nokkurn

tímann hitt og það getur verið rosalega erfitt að tjónka við hana þegar hún er ekki í stuði. Þess vegna þurfa foreldrar hennar stundum svolítið frí og það er ástæðan fyrir því að hún kemur til okkar aðra hverja helgi. Og þær helgar reyna mamma og pabbi yfirleitt að gera eitthvað skemmtilegt eins og að fara í bíó eða í sund. Sigga elskar nefnilega ekkert heitar en að fara í sund.

Ég lokaði útidyrhurðinni á eftir mér í gær og gekk inn með allar þungu bækurnar í fanginu.


Sigga kom þjótandi út úr stofunni og beint í fangið á mér og kreisti mig fast, svo kjölurinn á einni bókinni stakkt inn í magann á mér.

„Fríða!“ sagði hún og byrjaði svo strax að draga mig inn í stofu þar sem hún og mamma voru að horfa á Frozen í milljónasta skipti. Frozen er gjörsamlega uppáhaldsmyndin hennar Siggu í öllu



lífinu og ef til vill ástæðan fyrir því að hún vill ekki hafa hárið öðruvísi en í fléttum. Og kannski er það ekki rétt sem ég skrifaði hérna á undan að Sigga elskaði ekkert heitar en að fara í sund. Því mögulega elskar hún Frozen meira.

Sigga heyrir illa svo að sjónvarpið var stillt alveg í botn þannig að ég lét mér nægja að nikka bara til mömmu. Mamma sat og



heklaði pínulitla
peysu sem hlýtur
að þýða að
einhver af
vinkonum
hennar á
von á barni.
Mamma og
pabbi voru
nefnilega frekar
ung þegar ég fæddist,
hún var alveg langfyrst af
öllum vinkonum sínum til þess
að eignast barn. Þær hafa svo verið
að unga út reglulega síðustu árin, mömmu
til mikillar gleði, því henni finnst svo
gaman að þrjóna og hekla. Ég held að það
sé ekki til það barn á Íslandi sem á fleiri
lopapeysur og vettlinga en ég.

Ég settist í sófann og fór að fletta stóru
bókinni um sögu Reykjavíkur undir
háværum tónunum í *Þetta er nóg* sem

Sigga söng hástöfum með. En sama hvað ég fletti þá fann ég ekki neitt um svæðið þar sem húsið okkar stendur. Það hlýtur að hafa verið bara mói síðan landnámsmennirnir komu. Og hvað þýðir það eiginlega? Að einhver hafi verið hérna á ferð og orðið úti? Eða hefur einhver verið myrtur og grafinn hér, í óvígðri jörð? Er það ekki vesen fyrir draug, að vera grafinn annars staðar en í kirkjugarði? Mig rámar í að hafa heyrt einhverjar svoleiðis þjóðsögur, um sálir sem fengu enga ró því þær voru grafnar utan við kirkjugarðinn. En þetta meikar samt eiginlega engan sens með kirkjugarðana, því það er ekki nema lítill hluti af öllu fólkinu í heiminum kristið. Það þýðir að meirihluti mannfólks hlýtur að vera grafinn annars staðar en í kirkjugörðum. Og sumir kristnir eru brenndir og öskunni svo dreift út um allt. Ég hef meira að segja lesið um fólk í Tíbet og Mongólíu sem skilur líkin af ástvinum sínum eftir uppi á fjallstoppi eða í háum

turnum og lætur hrægamma rífa í sig allt holdið af beinunum. Þannig að ef þetta er rétt með kirkjugarðana og drauga þá ætti heimurinn að vera morandi í alls konar draugum sem finna hvergi ró. Og væri þá ekki eitthvað um þá í fréttunum?

Nei, þetta með að vera grafin utan kirkjugarðs getur varla verið skýringin. Ég lagði bækurnar frá mér og horfði á síðustu mínúturnar af Frozen. Ég kann hana alveg utan að, ég hef líka séð hana svo oft, en samt tárast ég alltaf þegar Anna ákveður að bjarga systur sinni frekar en sjálfri sér.

Þegar myndin var búin slökkti mamma á sjónvarpinu og tilkynnti okkur að það væri pítsa í matinn og að deigið væri ábyggilega búið að hefast inni í eldhúsi.

Ég er búin að vera með skrýtinn fiðring í maganum alla helgina og ég get ekki hætt að hugsa um ljósið. Fiðringurinn jókst um helming þegar ég burstaði tennurnar í gærkvöldi. Þegar ég fór inn í herbergi

og leit út um gluggann var ég komin með stóran hnút í magann sem ég vissi ekki alveg hvort var af spennu eða hræðslu. Ég gekk að glugganum og þarna var ljósið.

Það starði á mig eins og auga og ég reyndi að tæma hugann og taka við skilaboðunum sem það vildi færa mér. En ekkert gerðist þannig að ég sótti bara símann minn og tók mynd út um gluggann. Hún er ekkert rosalega góð, því það var svo mikið myrkur, og ef maður veit ekki af hverju hún er þá er næstum því ómögulegt að átta sig á henni. En ef maður veit að hverju á að leita þá er vel hægt að sjá glitta í steypa útveggina á húsinu, svarta tóma glugga, og neðst á myndinni er lítill ljós blettur. Ég sendi Jian myndina, dró síðan fyrir gluggann og lagðist upp í rúm.



Sunnudagur 19. október, kvöld

Helgin er sem betur fer búin að vera frekar fljót að líða, eins og helgarnar með Sigu eru yfirleitt. Við fórum í sund, í bíó og í Húsdýragarðinn, sem ég nenni reyndar ekki að gera, en mamma mútaði mér til að koma með með því að lofa að ég slyppi við uppvaskið um kvöldið. Og mér fannst það óneitanlega betri dýll, að lufsast um í Laugardalnum, skoða einhverjar rollur og drekka kakó frekar en að vaska upp eftir taco-veisluna í gærkvöldi. Mér finnst nefnilega ekkert í veröldinni leiðinlegra en að vaska upp. Ég er búin að komast að því að allar þessar bækur sem ég burðaðist með heim af bókasafninu eru vitagagnslausar og internetið hjálpar ekki heldur. Þar er ekkert að finna um svæðið hérna í kring annað en einhverjar gönguleiðir og

leiðbeiningar fyrir útivistarfólk. Ég prófaði líka að spyrja mömmu og pabba hvort þau vissu eitthvað um svæðið og kom alveg að tómunum hjá þeim. Þau hafa ekki glóru um sögu svæðisins og hvort einhver hefur einhvern tímann búið hér áður. Og þau sem eru alltaf að tala um að það sé svo mikilvægt fyrir mig að vera dugleg í skólanum og læra um heiminn og umhverfi mitt! Þau geta nú trútt um talað, vitandi ekki neitt um sitt nánasta umhverfi sjálf.

Ljosið er enn í húsinu. Það er samt ekki alltaf þarna. Í gærkvöldi sá ég það nefnilega flökta, eins og einhver hefði slökkt á því og kveikt síðan strax aftur, eða kannski eins og einhver hefði gengið fyrir það. Ég verð að viðurkenna að þá varð ég svolítið smeyk. Tilhugsunin um að einhver dularfull vera væri þarna, bara rétt hinum megin við götuna, og gengi um í tómunum, köldum kjallaranum var verulega

ónotaleg. Og þegar ég vaknaði til að pissa í nótt var ljósið horfið. Ég velti fyrir mér hvort draugar svæfu á nóttunni eða hvort þeir væru kannski ekki endilega bara bundnir við einn stað. Hefur draugurinn kannski farið eitthvert annað þegar ég sofnaði?

Jian hringdi í mig áðan úr sumarbústaðn-um. Ég sagði honum allar fréttirnar, sem voru í raun og veru engar aðrar en þær að ég hefði ekki komist að neinu og að ljósið væri þarna enn. Hann sagði að hann væri svo sem ekkert voðalega hissa, því þetta með að finna eitthvað um staðinn í sögubókum hefði verið langsóttur möguleiki. Mér finnst að hann hefði alveg mátt segja mér það áður en ég dröslaði öllum bókunum heim.

Við ákváðum að fara og rannsaka kjallarann strax eftir skóla á morgun.

En núna er Sigga að fara, ég ætla að hlaupa fram og kveðja hana.

Mánudagur 19. október, seinni partur

Það var hellirigning þegar ég vaknaði í morgun. Ég staulaðist fram og fékk mér ristað brauð og appelsínusafa með mömmu og pabba. Það er alltaf eins og við hringlum öll inni í hálfatómu húsi eftir að Sigga fer. Það er einhvern veginn alltaf allt svo tómlegt hérna eftir að hún hefur verið í heimsókn. Ég hef oft velt fyrir mér hvort mömmu og pabba langi ekki í annað barn. Það væri auðvitað miklu gáfulegra fyrir þau, að setja ekki öll genin sín í sömu körfuna, svona ef eitthvað skyldi koma fyrir mig, eins og til dæmis að vera tortímt af illum yran guí anda. Kannski láta mamma og pabbi verða af því að eignast annað ef það kemur eitthvað fyrir mig, ég held þau séu ekki orðin of gömul til þess enn. Og þá vil ég

að þau viti að nýja barnið má alveg erfa allt dótið mitt.

En hvar var ég? Já, alveg rétt, ég fékk mér appelsínusafa og ristað brauð í tómlegu húsinu og dreif mig síðan út í rigninguna.

Skólastofan angaði af blautum fötum. Ég gekk inn akkúrat á þeirri sekúndu sem bjallan hringdi og fékk mér sæti. Ég leit á Jian sem var þegar kominn í sæti sitt og brosti fallega til mín. Ég reyndi að kreista fram bros á móti en það var erfitt, því ég var öll á nálum. Ég vissi nefnilega ekki hvort ég átti að vera hrædd eða spennt yfir því að um leið og hringt væri út úr síðasta tímanum myndum við mögulega komast til botns í því hvað dularfulla ljósið þýðir eiginlega.

Skóladagurinn var fáránlega lengi að líða. Mánudagar eru reyndar alltaf rosalega langir og erfiðir en þessi fór út fyrir öll velsæmismörk. Mínúturnar siluðust áfram eins og þær væru grútsyfjaðar og latar

og ég get svo svarið að þær hljóta að hafa dottað eitthvað, því stundum var eins og tíminn bara frysi. Mér fannst eins og það hlyti að hafa liðið að minnsta kosti vika í rauntíma þegar hringt var út úr líffræðitímanum sem var síðasti tími dagsins. Og þá fannst mér allt í einu eins og tíminn liði of hratt. Ég var sérstaklega lengi að renna pennaveskinu mínu og safna saman bókunum í töskuna mína þannig að þegar því var loksins lokið og ég leit upp sá ég að ég var ein í stofunni. Jian stóð í dyragættinni og beið eftir mér, löngu tilbúinn.

„Stressuð?“ spurði hann.

Ég kinkaði kolli og gekk til hans.

„Sagði amma þín eitthvað um við hverju við getum búist?“ spurði ég þar sem við gengum út ganginn.

Jian hristi höfuðið.

„Nei. Hún hefur aldrei lent í svona yuan

gui sjálf. Hún hefur bara heyrt sögur af þeim. Og ég held að hvert tilvik sé einstakt.“

„Hvað heldurðu að við finnum þarna?“ spurði ég. „Hvernig vísbendingar geta verið? Kannski blóðslettur?“

Ég sá fyrir mér hráan steypuvegg þakinn fíngerðum blóðslettum, eða blóði drifinn hníf sem lægi í einu horninu. En það var greinilega ekki það sem Jian sá fyrir sér því hann svaraði:

„Kannski finnum við einhvern mun sem draugurinn átti. Hálsmen eða eitthvað. Eða kannski eru gömul bein þarna undir grunninum. Eða kannski hittum við drauginn sjálfan og hann segir okkur að hverju við eigum að leita.“



Ég snarstansaði. Það hafði rignt allan daginn og ég fann hvernig regnið féll á axlirnar á mér í stórum þungum dropum.

„Heldurðu að hann verði þarna?
Draugurinn sjálfur?“

„Það getur alveg verið,“ sagði Jian. „Við þurfum alla vega að vera undirbúin undir það. Komdu, ég nenni ekki að hanga úti í rigningunni í allan dag.“

Jian gekk af stað og ég fór í humátt á eftir honum. Hann var stærri en ég svo ég þurfti að taka svona eitt og hálf skref á móti hverju skrefi hans. Ég skildi ekki hvernig hann gat verið svona rólegur yfir þessu öllu saman.

„Hvernig getum við verið undirbúin undir það?“ heimtaði ég að fá að vita. „Hvernig getur maður undirbúið sig undir að hitta illa anda?“

„Við vitum ekkert hvort hann er illur. Ekki vera svona neikvæð.“

Við gengum þennan stutta spotta sem var gatan mín og staðnæmdumst fyrir framan tóma, hálfbyggða húsið. Það var á tveimur

hæðum, hálfgrafinn kjallari og efri hæð. Rigningin hafði myndað dökka flekki á hrárri steypunni og tómir gluggarnir voru eins og augnlausar tóftir.

„Hvaða gluggi er það?“ spurði Jian.

„Þessi þarna,“ sagði ég og benti á kjallaragluggann lengst til hægri, næst gaflinum. Hann var lítill og það stóðu ryðguð steypustyrktarjárn upp úr karminum, eins og það hefðu einu sinni verið rimlar fyrir glugganum sem einhver hefði sagað burt.

„Ókei ...“ sagði Jian og dró seiminn. Svo leit hann á mig og ég sá óttann í brúnu augunum hans. Nú var það hann sem var orðinn hræddur. „Kannski ættum við að vera með kross eða eitthvað?“ spurði hann.

„Það er of seint,“ sagði ég ákveðin. Ég fann að ótti minn hafði rénað þegar hans hafði vaxið. Svona var ég alltaf öfugsnúin. Þegar hann var ekki hræddur var ég það.

Þegar hann varð hræddur hætti ég að vera hrædd.

„Og svo trúir þú heldur ekkert á Guð,“
minnti ég hann á. „Ertu ekki búddisti?“

Þegar Jian svaraði mér ekki heldur hélt bara áfram að stara á tóma húsið sló ég hann létt í öxlina og sagði: „Komdu.“

Svo gekk ég að gatinu þar sem útidyrhurðin átti að vera og klifraði upp í tóma gættina. Ég heyrði að Jian elti mig þar sem ég gekk inn í tóma bygginguna. Það var ekki búið að smíða þakið svo regnið hafði safnast í stóra polla á steypugólfinu. Ég var fljót að koma auga á gatið í gólfinu sem lá niður í kjallarann. Ég gekk að því og leit niður.

Það var miklu dimmara í kjallaranum en á þaklausri hæðinni fyrir ofan, svo það að líta niður var eins og kíkja ofan í djúpan myrkan brunn. Jian staðnæmdest við hliðina á mér. Hann kom strax auga á sama vandamál og ég.

„Fjandinn,“ sagði hann.

Það var ekki búíð að steypa stigann niður í kjallarann.

„Við verðum bara að klifra inn um gluggann niðri,“ sagði ég, þótt mér litist alls ekki á að ganga hugsanlega beint í flasið á draugnum. Ég var að velta fyrir mér hvernig við kæmumst inn um gluggann og yfir járnútana sem stóðu upp úr karminum þegar ég heyrði Jian æpa upp yfir sig. Mér brá svo mikið að ég var búin að snúast á hæli áður en ég áttaði mig á því að ég hefði hreyft mig.

Jian var ekki lengur fyrir aftan mig. Hann var hvergi sjáanlegur. Hann hlaut að hafa gengið burtu án þess að ég hafði heyrt í honum. Nema einhver hefði tekið hann. Ég fann skelfinguna læsa köldum klónum um brjóstið.

„Jian!“ æpti ég svo nafnið hans bergmálaði í tómun steinsteypukassanum.

„Jian!“

„Hérna, Fríða! Komdu og sjáðu!“

Rödd Jians barst til mín handan við vegg á hægri hönd. Jian hljómaði bara venjulega og ekki eins og einhver hefði tekið hann. Nema illi andinn væri að pína hann til að hljóma svona til að lokka mig til sín líka. Eða kannski hafði hann farið inn í Jian, kannski var hann orðinn andsetinn!

Ég læddist varlega að veggnum og létti óumræðilega þegar ég sá vin minn. Hann var ekki í klónum á illum anda. Hann var að reyna að drösla lúnum tréstiga í áttina til mín.

„Ég fann hann þarna í horninu, undir einhverju plasti. Hann hefur áreiðanlega gleymst hérna!“ sagði Jian móður.

Ég flýtti mér til hans og hjálpaði honum að draga stigann í átt að opinu niður í kjallarann. Svo létum við hann renna niður, þar til hann rakst á gólfið fyrir neðan.

„Sjáðu,“ sagði Jian og benti á steypubrúnina. Hún var alsett fíngerðu sagi, eins og einhver hefði nýlega notað stigann til að fara niður.

„Skrýtið,“ sagði ég. „Þetta hlýtur að vera eftir iðnaðarmennina.“

Því varla fór draugurinn að nota stiga til að komast niður.

Við Jian horfðumst í augu. Ég vissi að við vorum bæði að hugsa það sama: Hvort okkar ætti að fara fyrst niður. Mér fannst að það hlyti að verða ég, því draugurinn hafði verið að senda mér skilaboðin með ljósinu. Þannig að ég herti upp hugann, gekk að stiganum og paufaðist af stað niður í myrkrið.



Það var saggalykt í kjallaranum, eins og húsið væri eldgamalt. Um leið og fætur mínir snertu gólfið leit ég í kringum mig eins hratt og ég gat. Því ef eitthvað var þarna niðri þá vildi ég sjá það áður en það réðist á mig. En ég sá ekkert annað en gráa vegg og ljósrákirnar sem bárust inn um kjallaragluggana. Ég hafði búist við öðrum stórum geimi eins og á hæðinni fyrir ofan en kjallarinn var miklu þrengri og þar voru miklu fleiri burðarveggir en á hæðinni fyrir ofan. Glugginn þar sem ég hafði séð ljósið var ekki sjáanlegur þaðan sem ég stóð. Ég leit upp á andlitið á Jian sem horfði niður til mín í gegnum gatið fyrir ofan mig.

„Sérðu eitthvað?“ spurði hann.

„Ekkert, komdu niður.“

„Hvar er glugginn þar sem þú hefur séð ljósið?“ spurði Jian þegar hann var kominn niður á jafnsléttu.

„Parna inni,“ sagði ég og benti á dyragætt.

Við gengum saman að hurðaropinu og staðnæmdumst þar sem þröskuldurinn hefði átt að vera ef húsið væri tilbúið. Við okkur blasti lítið herbergi. Birtan úr litlum glugganum lýsti upp herbergið svo það var miklu bjartara þar en í rýminu frammi.

Herbergið var galtómt. Það var ekkert í því. Ekki einu sinni rusl sem hefði getað fokið inn um gluggann. Ekki ryk eða neitt. Það var næstum eins og einhver hefði sópað þarna. Þetta hlaut að vera mjög þrifalegur draugur.

„Hvar eru vísbendingarnar?“ spurði ég vonsvikin. „Heldurðu að það sé eitthvað grafið hér? Varla ætlast draugurinn til þess að við brjótum upp gólfíð?“

Jian gekk inn í herbergið.

„Hvað er þetta?“ spurði hann og benti á einn vegginn.

Ég beygði mig fram og sá hvað hann meinti. Það var dökkur blettur á steypunni.

„Eru þetta ekki bara rakaskemmdir eða eitthvað svoléiðis?“ spurði ég.

„Eða kannski er þetta sótt,“ sagði Jian.

„Sótt?“ spurði ég. „Þetta ljós sem ég sá var ekki eldur. Ég veit alveg hvernig eldur lítur út,“ sagði ég svolítið snúðug, því ég var satt að segja frekar skúffuð yfir því að finna ekki neitt. Ég veit svo sem ekki alveg hvað ég bjóst við að finna þarna, en alla vega var það eitthvað meira ógnvekjandi og áhugaverðara en lítill, dökkur blettur á vegg.

Ég andvarpaði vonsvikin og spurði:

„Hvað gerum við núna?“

„Það er bara eitt til ráða,“ sagði Jian.

„Hvað?“

„Við þurfum að koma hingað næst þegar þú sérð ljósið og tala beint við drauginn.“

„Geturðu ekki hringt aftur í ömmu þína og spurt hvað við eigum að gera?“

Við sátum á rúminu mínu og borðuðum ristað brauð og drukkum kakómalt og áttum erfitt með að leyna vonbrigðum okkar eftir að hafa gripið í tómmt í kjallaranum.

Jian hristi höfuðið.

„Klukkan er orðin allt of margt í Kína. Amma er löngu farin að sofa. En ég gæti reynt á morgun.“

Ég setti stút á munninn. Mig langaði ekki til að bíða morguns. Ég vildi komast til botns í þessu máli eins fljótt og ég gat. Fyrst við vorum á annað borð búin að herða nægilega upp hugann til að fara og hitta drauginn var glatað að geta ekki bara gert það strax.

„Og ég veit heldur ekki hvort ég næ í hana annað kvöld. Hún spilar alltaf við vinkonur sínar á þriðjudögum,“ sagði Jian.

„Geta foreldrar þínir ekki hjálpað okkur?“ spurði ég. „Vita þau ekkert um svona gu lin?“

„Yuan gui, meinarðu?“ spurði Jian glottandi. Síðan hristi hann höfuðið.

„Nei. Þau trúa ekkert á svona lagað. Þeim finnst amma óttalega hjátrúarfull, ég heyrði þau tala um það einu sinni þegar þau héldu að ég væri sofnaður.“

„Hvað eigum við þá að gera?“ spurði ég.

„Við getum prófað að gúggla!“ stakk Jian upp á.

„Auðvitað!“ sagði ég og spratt á fætur.

Af hverju hafði mér ekki dottið það í hug áður? Ég þaut fram og náði í tölvuna mína, settist aftur á rúmið og opnaði vafra. Svo hikaði ég með putta á lofti.

„Hvað á ég að skrifa?“ spurði ég.

„Öööö ...“ Jian hrukkaði ennið hugsí. Svo stakk hann upp á: „How to deal with yuan gui.“

Hann þurfti að stafa „yuan gui“ fyrir mig. Ég ýtti á enter og leitarniðurstöðurnar birtust samstundis. Hjartað sökk neðar í brjóstinu. Það eina sem birtist á skjánum var Wikipedia-færsla um einhverja eldgamla kínverska skræðu og svo fullt af bókunarsíðum fyrir hótél í Kína.

„Helvítis,“ sagði ég.

„Prófaðu að skrifa „How to deal with yuan gui spirits,“ sagði Jian.

Ég gerði það og hjartað hoppaði lítið valhopp. Það birtust nokkrar leitarniðurstöður sem lofuðu góðu.

灵

En þegar við vorum búin að kemba þær vorum við enn engu nær, því þær fjölluðu aðallega um taóisma og drauga í kínverskum bókmenntum. Það er svo sem alveg áhugavert út af fyrir sig en okkur vantaði praktískar ráðleggingar.

„Við verðum bara að spila þetta eftir eyranu,“ sagði ég og lokaði tölvunni.

Jian kinkaði kolli.

„Já. Ég meina, hvað er það versta sem getur gerst?“

„Illu andinn drepur okkur bæði?“ stakk ég upp á.

„Já,“ sagði Jian hugsu. Svo leit hann upp.

„En það er nú ekkert rosalega líklegt, er það nokkuð?“

„Nei, ekkert rosalega,“ samþykkti ég, þótt ég væri ekki alveg viss.

Svo þurfti Jian að drífa sig heim. Við ákváðum að ég hringdi í hann um leið og ljósið birtist og svo skyldum við bíða þangað til foreldrar okkar væru sofnaðir og læðast þá út og rannsaka málið.

Þannig að ég á stefnumót við illan anda eftir bara nokkra klukkutíma.

Ég vona innilega að þetta séu ekki síðustu stundirnar í lífi mínu og að þetta séu ekki síðustu orðin sem ég skrifa.

Aðfaranótt þriðjudags 23. október, alltof seint

Ég lifi! Það munaði mjóu en hér er ég enn og dreg andann, þótt minnstu hafi munað að ég dæi hreinlega úr hræðslu áðan. Klukkan er að verða þrjú um nótt, ég á að vakna í skólann eftir rúma fjóra tíma, en ég er svo tjúnuð eftir atburði næturinnar að ég er viss um að mér á ekki eftir að koma dúr á auga.

Og þess vegna datt mér í hug að skrifa meira hér, kannski dugar það til að róa mig, þótt þessi bók eigi ekki lengur að verða vitnisburður um tragísk örlög mín. Eða jú, kannski er hún það enn, þó örlögin hafi ekki verið að deyja voveiflegum dauðdaga í slag við illan anda. Eða kannski verður hún bara vitnisburður um önnur örlög, örlög þess sem var með litla, hvíta ljósið í húsinu hér á móti.

En best ég taki þetta allt í réttri röð.

Ég var alveg á nálum í allt kvöld, sífellt hugsandi: Nú er komið að þessu! Ég átti erfitt með að koma niður kvöldmatnum, sem var grænmetisbuff, kartöflur og sveppasósa, því ég var alltaf að hugsa um að kannski væri þetta síðasta kvöldmáltíðin mín. Og mér fannst það svo sorglegt, því mér finnst grænmetisbuff með sveppasósu ekkert sérstaklega góð.

Ég gat ekki fest hugann við sjónvarpið svo ég sagði mömmu og pabba að ég þyrfti að læra og fór inn í herbergi. En ég tók ekki upp neinar bækur heldur settist á rúmið og starði út um gluggann á húsið á móti.

Og ég sá það kvikna, rétt eftir klukkan níu. Þá birtist ljósið í litla kjallaraglugganum. Ég sendi Jian sms og lét hann vita og svo tók við biðin eftir því að foreldrar okkar færu að sofa svo við gætum laumast út.

Mamma og pabbi voru auðvitað alveg skelfilega lengi að koma sér í háttinn.

Þegar ég heyrði að þau slökktu á sjónvarpinu spratt ég á fætur og flýtti mér fram að bursta tennur og bjóða þeim góða nótt. Ég faðmaði þau bæði, sem þeim fannst greinilega svolítið skrytið, því ég vildi vera búin að kveðja þau almennilega ef ég ætti ekki afturkvæmt. Svo fór ég inn í herbergi og þóttist fara að sofa. Ég lét fjörutíu mínútur líða og læddist síðan fram og lagði eyrað að svefnherbergishurðinni þeirra. Ég heyrði lágar hrotur og þá vissi ég að mér væri óhætt að fara út. Ég lét Jian vita og um það bil tíu mínútum síðar pípti síminn minn. Jian var fyrir utan. Ég smeygði mér í úlpu og skó og greip vasaljósið sem ég hafði tekið fram fyrir um daginn.

Loftið úti var kalt og rakt. Jian beið fyrir neðan útidyratröppurnar. Hann sneri baki í mig því hann stóð og horfði á ljósið.

„Þarna er það,“ sagði hann án þess að líta á mig þegar ég staðnæmdist við hliðina á honum.

„Þarna er það,“ samþykkti ég.

Svo gengum við af stað í áttina að húsinu. Við þurftum ekki að minna hvort annað á að ganga hljóðlega, við vorum búin að skipuleggja þetta fyrir um daginn.

Við stukkum upp í tóma dyragættina. Útveggirnir skyggðu á birtuna frá ljósastaurunum og myrkrið inni í húsinu var svo þykkt að það var næstum eins og það væri úr einhverju seigfljótandi efni. Við hikuðum bæði andartak og ég fann hvernig hjartað hamaðist í brjóstinu. Ég leit í kringum mig, öll skilningarvit þanin til hins ýtrasta. Ég veit ekki við hverju ég bjóst, hvort ég hélt að það heyrðist dimmt hvúúússsss og svo myndi andlitslaus vera ráðast á okkur, eða kannski að sprunga opnaðist í miðju gólfinu og við myndum detta beint niður til helvítis. En það heyrðist ekki neitt. Ekki eitt einasta hljóð.

Það var Jian sem tók af skarið. Hann greip um höndina á mér og togaði mig af stað í átt að opinu niður í kjallarann.

„Bíddu,“ hvíslaði ég og orðin hljómuðu allt of hátt í þögninni, þótt þau væru varla meira en andardráttur. Ég kveikti á vasaljósinu og síðan gengum við saman að gatinu.

Ég lýsti niður. Við tókum bæði andköf.

Við okkur blasti tréstiginn sem við höfðum fundið fyrir um daginn. Ég var alveg handviss um að við höfðum dregið hann upp aftur eftir að við notuðum hann og dröslað honum aftur á sinn stað í horninu. Og svo hafði Jian dregið plastið yfir hann áður en við fórum. En nú hafði einhver dregið hann aftur fram. Gerðu draugar svoleiðis? Þurftu þeir stiga til að komast á milli hæða?

Ég lýsti niður í myrkrið í kjallaranum, sem var enn þéttara en á hæðinni þar sem við stóðum. Óttinn var eins og krepptur hnefi í brjóstinu á mér. Því ég vissi að ég þurfti að fara niður í þetta myrkur. Og ég þurfti að snúa baki í það á leiðinni. Ég

held ég hafi aldrei verið jafn óttaslegin eins og þegar ég greip um tréstigann og steig á efsta þrepið. Hvert andartak var sem heil eilífð þar sem ég paufaðist niður í myrkrinu og átti á hverri stundu von á að heyra fótatak að baki mér, eða að einhver rífi í mig aftan frá og ég skylli bjargarlaus í gólfið. En ekkert gerðist, og allt í einu var ég komin niður á gólf. Ég lýsti upp til að gefa Jian merki um að koma niður og nokkrum andartökum síðar stóðum við bæði og horfðum í átt að gættinni á litla herberginu. Ljósið var þarna enn og stafaði fölri, hvítri birtu á gólfið fyrir framan. Hjartað sló búmm búmm búmm í brjósti mér og mig langaði ekkert frekar en að hlaupa upp stigann, út og aftur heim og breiða sængina upp yfir höfuðið. En ég ákvað að það væri allt of seint að snúa við. Við yrðum að komast til botns í þessu máli, sama hvaða skelfing biði okkar inni í þessu litla herbergi.

Ég dró djúpt andann og gekk þessi fáu skref sem aðskildu mig og ljósið. Ég var svo hrædd að mér leið eins og ég hefði yfirgefið líkamann, þetta væri ekki ég sem gengi áfram heldur einhver annar að stýra líkama mínum og ég liði um einhvers staðar fyrir ofan. Svo staðnæmdist ég í gættinni og leit inn í herbergið.

Ég veit ekki hvað ég bjóst við að sjá inni í herberginu, en það var að minnsta kosti eitthvað annað en þetta. Munnurinn á mér opnaðist ósjálfrátt og út um hann slapp lítið: „Ó!“

Við hljóðið leit veran sem hafði hringað sig í einu horninu upp og á mig stöðu stór, dökk augu í náfölu andliti.

Veran spratt á fætur og þá sá ég að þetta var stelpa. Við fætur hennar stóð lítil gamaldags lugt. Hvíta ljósið stafaði frá henni.

„Hver eruð þið?“ spurði hún. „Drullið ykkur út!“



Hún var svo reið að dökku augun skutu gneistum.

„Þú ert ekki draugur,“ sagði Jian við hliðina á mér.

„Drullið ykkur út!“ sagði stelpan aftur. Röddin var ógnandi en stelpan sjálf var það ekki. Hún var svo horuð og lítil og fötin hennar voru svo skítug. Og hún var bara ein en við vorum tvö, hún gat ekkert gert við okkur.

„Við sáum ljósið,“ sagði ég. „Ég á heima hérna á móti. Ég sá ljósið. Og við héldum að þú værir draugur. Svona yuan gui, andi

sem hefði einhverra harma að hefna, og þyrftir að koma til okkar skilaboðum.“

Um leið og ég sagði þetta heyrði ég hversu fáránlega það hljómaði. Hvernig í ósköpunum hafði okkur tekist að telja okkur trú um að það væri eitthvað yfirnátúrulegt við þetta ljós? Stelpunni fannst þetta greinilega hljóma jafn fáránlega og mér því hún sagði:

„Draugur? Ég? Ef það væri nú svo gott.“

Svo skellti hún upp úr en það var engin gleði í hlátrinum.

„Hvað ertu að gera hérna?“ spurði Jian.

„Ég var að reyna að sofa, þangað til þið komuð og trufluðuð mig,“ sagði stelpan.

„Sofa? Hérna?“ spurði ég gáttuð. Því hver í ósköpunum myndi vilja sofa hérna á beru steypugólfinu. Ég rak augun í þvældan svefnpoka sem lá við fæturna á stelpunni.

„Hver ertu eiginlega?“ spurði Jian.

Stelpan horfði á okkur til skiptis, dökku augun flöktu á milli okkar eins og hún væri að velta fyrir sér hvort hún gæti treyst okkur eða ekki. Svo leit hún á mig og sagði:

„Áttu heima hérna á móti, segirðu?“

Ég kinkaði kolli.

„Ef þú ferð og sækir eitthvað að borða handa mér þá skal ég segja ykkur allt af léttu.“

Stelpan sagðist heita Hanna Lísu. Hún hámaði í sig kæfusamlökurnar sem ég hafði smurt handa henni í myrkrinu inni í eldhúsi og svolgraði næstum því lítra af mjólk. Ég horfði á matinn hverfa ofan í hana og bað þess heitt að mamma og pabbi tækju ekki eftir því að hann hefði horfið sporlaust úr ísskápnum. Því Hanna Lísu hafði harðbannað okkur að segja nokkurri manneskju frá því að hún hefðist þarna við. Þegar síðasti mjólkurdropinn

var horfinn ofan í hana ropaði hún og þurrkaði sér um munninn á skítugu handarbakinu. Svo sagði hún okkur að hún hefði strokið frá meðferðarheimili. Foreldrar hennar höfðu sent hana þangað því þau sögðust ekkert ráða við hana. Hún fullvissaði okkur samt um að hún væri ekki í neinu rugli.

„Alla vega ekki miklu,“ bætti hún við.

Hún sagði að foreldrar hennar hefðu bara ekki viljað að hún umgengist kærasta sinn. Hann væri fimmtán árum eldri en hún og þeim hefði ekkert litist á hann og vini hans sem hún var farin að hanga mikið með. Svo mikið reyndar að hún var alveg hætt að mæta í skólann, enda voru allir krakkarnir í skólanum hennar fávitar fannst henni. Og kennararnir líka.

„Þannig að mamma og pabbi sendu mig bara á eitthvert heimili og læstu mig inni með einhverjum dópistaaumingjum. Þælið í því, þau vildu frekar að ég væri

í foking fangelsi en með honum. Hvers konar foreldrar eru það?”

Við Jian sátum bæði og stöðum opinmynt á Hönnu Lísu.

„Er kærastinn þinn þrítugur?“ spurði Jian hneykslaður.



Hanna Lísu hafði nefnilega líka sagt okkur að hún væri í tíunda bekk, alveg eins og við. Ég horfði á hana, á fölt kinnfiskasogið andlitið, stóru dökku augun og aflitaða lokkana sem gægðust undan svartri húfunni á höfði hennar. Við vorum jafn gamlar, bjuggum á sama landi og töluðum sama tungumál, en samt var eins og hún byggi í einhverjum allt öðrum heimi en ég. Hún svaf í svefnpoka á steinsteyptu gólfi í hálfbyggðu húsi, þar sem var ekki einu sinni gler í gluggunum þannig að vindurinn næddi bara beint inn, á meðan ég svaf í hlýju rúmi með dúnsæng og tvo kodda. Og ég hafði heitt vatn og rafmagn og þurfti ekki nema að skrífa frá einum krana til að geta hoppað í sturtu. En Hanna Lísu virtist ekki hafa farið í bað mjög lengi og eina ljósið sem hún hafði var þessi litla gaslugt sem stóð á gólfinu og reyndist vera uppspretta draugaljóssins sem ég hafði séð út um gluggann minn.

„Hann er fyrrverandi kærastinn minn núna,“ sagði Hanna Lísu hörkuleg á svip.

„Nú, hvað kom fyrir?“ spurði Jian.

„Ég strauk af meðferðarheimilinu til að vera með honum. Ég ætlaði að flytja inn til hans, hann á íbúð og allt. En þá var helvítið bara kominn með aðra kærustu. Það tók hann ekki nema viku að finna nýja.“

Hanna Lísu horfði niður á hendur sér og saug upp í nefið. Hún var með langa, mjóa putta sem voru mjög skítugir.

„Ég vildi ekki fara aftur í djöfulsins fangelsið þannig að ég rölti bara eitthvað um þangað til ég rakst á þetta hús. Það var mjög kalt og dimmt fyrstu nóttina, svo kalt að ég gat ekkert sofið, þannig að daginn eftir rændi ég svefnpokanum úr einhverjum bílskúr sem stóð opin og lugtinni stal ég á bensínstöð.“

„Og ... og ætlaðu bara að ... búa hér?“
spurði ég hessa.

„Ekki ætla ég aftur á meðferðarheimilið,“
sagði Hanna Líska og yppti öxlum.

„En hvar ertu eiginlega á daginn? Við
komum hérna í dag og þú varst ekki hér.
Og það voru engin merki um þig. Og
hvað borðarðu eiginlega?“

„Ég set dótið mitt bara í bakpoka og rölti
um á daginn, til að halda á mér hita.
Ég fer mikið á bókasafnið, þar er hlýtt
og meira að segja sófar þar sem ég get
lagt mig. Og ég stel úr búðum, það er
ekkert mál að stinga bara einhverju ofan í
bakpokann. Það tekur enginn eftir því.“

„En hvað ætlaðu að gera?“ spurði Jian.
„Þú getur ekki verið hér það sem eftir er.“

„Ég ætla að vera hér í vetur. Í vor ætla ég
síðan niður á höfn og lauma mér um borð
í eitthvert skip. Sigla til útlanda. Bara hvert
sem er.“

Hanna Lísá hljómaði mjög ákveðin, eins og hún væri búin að skipuleggja þetta allt.

„En ... en þú ert ekki með vegabréf!“ sagði Jian. „Og þú ert bara fimmtán ára!“

„Só?“ sagði Hanna Lísá ögrandi. „Hvaða máli skiptir það?“

Við Jian litum ráðþrota hvort á annað.

Við vorum bæði greinilega að hugsa það sama: Hún getur ekki farið ein til útlanda með ekkert vegabréf og engan pening. Ég herti upp hugann og sagði:

„Ertu alveg viss um að þú viljir ekki bara hringja í mömmu þína og pabba?“

Það hnussaði í Hönnu Lísu.

„Já, ég er alveg viss um það, þakka þér fyrir,“ sagði hún hæðnislega. „Þau myndu bara senda mig beint aftur á meðferðarheimilið eða loka mig inni á geðveikrahæli eða eitthvað.“

Svo varð hún skyndilega tortryggin á svipinn og bætti við: „Og þið skuluð ekki

voga ykkur að gera það heldur! Þið verðið að sverja að þið munið ekki hafa samband við þau!“

„Við vitum ekki einu sinni hvað þau heita,“ sagði Jian.

„En þið vitið hvað ég heiti. Þetta er lítið land og það er ekki erfitt að komast að svona löguðu. Og svo er örugglega búið að lýsa eftir mér í fjölmiðlum. Ég hefði náttúrlega ekki átt að segja ykkur hvað ég heiti. En viljið lofa því?“

Við Jian litum hvort á annað áður en við kinkuðum kolli, þótt mig langaði mest til að hlaupa heim og hringja beinustu leið í lögregluna. Því Hanna Lísu gat ekki verið hérna í allan vetur. Hún myndi fá lungnabólgu og kannski deyja. En hvað átti ég að gera?

„Er enginn fullorðinn sem þú getur haft samband við?“ spurði ég varlega. „Einhver annar en mamma þín og pabbi, á ég

við,“ flýtti ég mér að bæta við þegar ég sá svipinn á henni.

Hanna Lísá hrukkaði ennið.

„Hmm,“ sagði hún og andvarpaði.

„Kannski amma. En hún býr á Egilsstöðum. Hún hefur alltaf hlustað á mig og ekki verið með þetta sama djöfulsins snobbrugl og mamma og pabbi. Hún skilur mig. En þau skammast sín bara fyrir að eiga krakka sem er ekki eðlilegur. Því ég passa ekki inn í fínu stofuna þeirra innan um fínu húsgögnin. Amma er ekki svoleiðis.“

„Geturðu ekki hringt í hana? Þú mátt hringja hjá mér!“ sagði ég.

En Hanna Lísá hristi bara höfuðið.

„Nei. Veistu hvað klukkan er orðin margt? Og það þýðir heldur ekkert að hringja í hana, hvað á hún að segja? Ekki getur hún komið og sótt mig. Hún kann ekki einu sinni að keyra, og hafiði hugmynd

um hvað það er langt til Egilsstaða? Það er ekki eins og ég geti labbað.“

„Taktu bara strætó!“ sagði Jian og ljómaði í framan yfir þessari snjöllu hugmynd sinni. „Hann gengur til Egilsstaða!“

„Fyrir hvaða pening?“ spurði Hanna Lísá. „Ég á ekki krónu með gati.“

Ég stakk hendinni ofan í úlpuvasann og dró upp nokkuð sem ég hafði sótt ofan í skrifborðsskúffuna mína þegar ég fór heim að smyrja samlokurnar handa henni. Því eitthvað hafði sagt mér að hún hefði meiri not fyrir afmælisgjöfina sem ég hafði fengið frá afa og ömmu en ég.

„Hérna,“ sagði ég og rétti henni umslagið sem þau höfðu gefið mér. Ofan í því voru tuttugu þúsund krónur. Ég stakk hendinni ofan í hinn úlpuvasann og tók upp símann. Ég hikaði í augnablik, og rétti henni hann síðan.



„Og hérna. Þú skalt hringja í ömmu þína í fyrramálið og svo skaltu kaupa þér ferð með strætó.“

Hanna Lísu tók við símanum og umslaginu og kíkti ofan í það. Svo leit hún á mig.

„Ég get ekki tekið við þessu,“ sagði hún og dökku augun virtust enn stærri í hvítu andlitinu.

„Víst,“ sagði ég. „Þú þarft miklu meira á þessu að halda en ég.“

Og ég vissi að það var satt.

„Viltu bara lofa mér því að hringja í ömmu þína á morgun?“ bað ég hana.

En Hanna Lísu svaraði því ekki heldur sagði bara:

„Nú þurfið þið að fara,“ sagði hún síðan.

„Klukkan er orðin ógeðslega margt og ég ætla að fara að sofa.“


Og núna ligg ég undir sænginni minni og mér er skítkalt eftir ævintýri næturinnar. Ég þarf að fara á fætur eftir smástund en ég get ekki annað en hugsað til Hönnu Lísu sem hrist núna í svefnpokanum sínum hinum megin við götuna. Litla, hvíta ljósið er horfið úr glugganum, sem þýðir að hún hefur slökkt á lugtinni og farið að sofa. Ég veit að ég verð að gera eitthvað meira til að hjálpa henni. Ég veit bara ekki hvað.

Þriðjudagur 23. október, seinni partur

Ég var svo þreytt í morgun að ég hélt að guð væri að gera grín að mér þegar vekjaraklukkan hringdi. Ég snúsaði alveg þangað til mamma kom og rak mig á lappir. Ég var allt of sein í skólann og ég gat auðvitað ekkert einbeitt mér allan daginn því ég var bókstaflega að leka niður af þreytu og svo hafði ég svo miklar áhyggjur af Hönnu Lísu. Ég var viss um að henni var skítkalt en ég gat huggað mig við að hún gæti keypt sér eitthvað heitt að borða fyrir afmælispeningana mína. Um leið og ég kom heim úr skólanum sótti ég mat inn í eldhús og hellti upp á te á hitabrúsa og fór yfir í yfirgefna húsið á móti. Ég var ekki vongóð um að finna hana þar því hún hafði auðvitað sagt okkur að hún gengi bara um allan

daginn til að halda á sér hita, þannig að hjartað hoppaði í brjóstinu þegar ég sá að tréstiginn var enn á sínum stað í stigaopinu. Ég dreif mig niður og inn í litla herbergið en ég greip í tómmt. Eða næstum því alveg tómmt.

Hanna Lísá var ekki þar en hún hafði skilið eftir miða. Ég lími hann hérna inn í svo ég týni honum ekki.



Kæru vinir (ég gleymdi að spyrja ykkur í nótt hvað þið heitið).

Ég hugsaði málið og þið hafið rétt fyrir ykkur. Ég hringdi í ömmu áðan og hún ætlar að leyfa mér að vera hjá sér, alla vega í vetur.

Takk fyrir samlokurnar og takk fyrir allt hitt líka.

Kveðja,

„Draugurinn í kjallaranum“

Og undir miðanum lá síminn minn. Ég tók hann upp og stakk honum í vasann. Svo hugsaði ég um hvíta ljósið og hvar lugtin sem það hafði stafað frá væri eiginlega núna. Kannski ofan í bakpoka í rútu einhvers staðar á leiðinni til Egilsstaða. Ég vissi að ég myndi aldrei sjá það aftur. Og ég minnti mig á að ef ég skyldi aftur sjá svona ljós þá þyrfti ég ekki að leita til Jians og ömmu hans til að fá útskýringu á því. Því ég er alveg hætt að trúá á drauga.



TIL NEMANDA

Þessi bók er eign skólans þíns og þú hefur hana að láni. Bækur eru dýrar og því mikilvægt að farið sé vel með þær. Gættu þess vel að skrifa ekki í þessa bók.

Skóli		Bók nr.		
		Tekin í notkun		
Nemandi/bekkur	Útlán: (dags.)	Ástand	Skil: (dags.)	Ástand

- 1) Nafn nemanda skal greinilega skrifað í línurnar hér að ofan.
- 2) Ástandi bókar við útlán og skil skal lýst þannig:
N: ný bók, G: gott, S: sæmilegt, L: lélegt.

Dularfullt ljós birtist í hálfbyggðu húsi
í nágrenni við heimili Hallfríðar. Hún
fær besta vin sinn til að koma með
sér og rannsaka málið. Hvað leynist í
dimmum kjallaranum?

Höfundur sögunnar er Hildur
Knútsdóttir og myndskreytingar
eru eftir Árna Jón Gunnarsson.

 MENNTAMÁLASTOFNUN
40098

